

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 29. nóvember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um sértryggð skuldabréf

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp er felur í sér reglur um sértryggð skuldabréf.

Viðskiptaráð fagnar framangreindu frumvarpi enda nauðsynlegt að hérland löggjöf endurspegli á skilvirkan máta þróun fjármálamarkaða og sé þar enginn eftirbátur sambærilegrar löggjafar erlendis.

Þrátt fyrir að frumvarpið sem slíkt sé fagnaðarefni hefur ráðið nokkrar athugasemdir. Fyrir það fyrsta vill ráðið minna nefndina á nýlegt frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (95. þingmál). Framangreint frumvarp fól í sér rúmlega 50% hækkun á álögðu eftirlitsgjaldi eftirlitskyldra aðila. Skv. 3. gr. frumvarps þessa verður leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa aðeins veitt viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánaþyrirtækjum, þ.e. eftirlitskyldum aðilum skv. lögum 99/1999. Í 30. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að útgafendur sértryggðra skuldabréfa, eða eftir atvikum umsækjandi greiði kostnað FME við afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis skv. lögnum. Vegna áðurgreindrar hækkunar eftirlitsgjaldsins telur ráðið ógerlegt að réttlæta aukna gjaldtöku í því frumvarpi sem um ræðir hér. Ráðið leggur því til að ákvæði 30. gr. frumvarpsins verði fellt brott.

Í annan stað telur Viðskiptaráð ástæðu til að skoða hvort ekki megi víkka út gildissvið frumvarpsins, en í 3. gr. þess er leyfisveiting takmörkuð við viðskiptabanka, sparisjóði og lánaþyrirtæki. Í 4. gr. laga um fjármálaþyrirtæki nr. 161/2002 er kveðið á um sjö mismunandi starfsleyfi og falla því ferns konar fjármálaþyrirtæki utan við gildissvið frumvarps þessa, þ.e. rafeyrisþyrirtæki, verðbréfaþyrirtæki, verðbréfamiðlun og rekstarfélög verðbréfasjóða. Ráðið sér enga ástæðu til að undanskilja framangreind þyrirtæki ef þau hafa yfir að ráða tryggingasafni er uppfyllir skilyrði laga þessara.

Viðskiptaráð telur ástæðu til að lýsa yfir ánægju sinni með fyrirkomulag við skipan eftirlitsmanns FME og vísast þar sérstaklega til andmælaréttar útgefanda eins og honum er lýst í greinargerð frumvarpsins. Þrátt fyrir það telur ráðið að þóknun til handa eftirlitsmanni rúmist vel innan ramma áðurgreindrar hækkunar eftirlitsgjaldsins og leggur því til að orðalag 21. gr. er snýr að þóknun eftirlitsmanns verði breytt á þann veg að eftirlitsmaðurinn eigi rétt á þóknun frá FME fyrir starf sitt.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga en hvetur til að framangreint verði tekið til skoðunar.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs